



Ísafjarðarbær
Þórdís Sif Sigurðardóttir,
Starfandi bæjarstjóri
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafjörður

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarárstígur 25, 105 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 31. janúar 2020
Tilvísun: UTN19100085/81.A.001
NBJ/--

Utanríkisráðherra hefur skipað starfshóp um efnahagsþróun á norðurslóðum sem er ætlað að greina heildstætt þann efnahagsuppgang sem fyrirséð er að muni eiga sér stað á norðurslóðum á komandi árum, og meta á þeim grundvelli hvernig best verði staðið að vörslu og eflingu íslenskra hagsmuna á svæðinu. Starfshópurinn skal leggja fram tillögur fyrir 1. maí nk. um áþreifanlegar aðgerðir, sem hægt væri að framkvæma á næstu árum til að tryggja sem best hagsmuni Íslands hvað þetta varðar, um leið og vörður er staðinn um viðkvæmt vistkerfi norðurslóða. Starfshópurinn hefur til hliðsjónar skýrsluna Hagsmunir Íslands á norðurslóðum - Tækifæri og áskoranir - sem forsætisráðuneytið gaf út árið 2016. Formaður starfshópsins er Árni Sigfússon, einnig eiga Ísak Einar Rúnarsson og Sigprúður Ármann sæti í hópnum. Nína Björk Jónsdóttir sendifulltrúi í utanríkisráðuneytinu er starfsmaður starfshópsins.

Starfshópurinn vill gera hagsmunaaðilum kleift að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og er með þessu bréfi óskað eftir greinargerð um eftirfarandi:

- Mat á helstu tækifærum fyrir íslenskt atvinnu- og efnahagslíf á norðurslóðum, sem og þeim áskorunum sem bregðast þarf við.
- Er talið mikilvægt að grípa til sérstakra aðgerða til að tryggja efnahagslega og atvinnutengda hagsmuni á norðurslóðum og þá hverra? Er t.d. þörf á samningagerð um einstök málefni eða eru hindranir til staðar sem stjórnvöld gætu stuðlað að því að afnema?
- Önnur atriði sem hagsmunaaðilar vilja vekja athygli á.

Sökum þess að stutt er þar til starfshópurinn á að ljúka störfum er óskað eftir því að greinargerðin berist undirritaðri á netfangið nina@mfa.is, fyrir 20. febrúar næstkomandi.

F.h.r.

Nína Björk Jónsdóttir